

Stjórn Úrvinnslusjóðs

371. stjórnarfundur, fimmtudaginn 5. júní 2025 – kl. 10:30 – 12:55

Suðurlandsbraut 24

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (90 mín)

1. Veidarfærasamningur Úrvinnslusjóðs og SFS
2. Starfsmannamál
3. Ársreikningur 2024
4. Tillögur að breytingum á lögum nr. 162/2002
5. Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda
6. Framtíðarskuldbindingar Úrvinnslusjóðs
7. Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna (mál 2025-06-03-1049)
8. Endurgjald fyrir PLABPH

(kaffihlé 10 mín.)

B. Til kynningar (10 mín)

9. Kynning á stöðu vörflokksins Viðarumbúðir

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Guðný Hjaltadóttir (GH), frá kl. 10:40
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG), til kl. 12:20
Kristinn Már Reynisson (KMR),
Fjarverandi og ekki tókst að kalla til varamann, Líf Magneudóttir

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Gunnlaug Einarsdóttir (GE), undir lið 8
Edda Andrésdóttir (EA) ritaði fundargerð

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Samþykkt að senda drög að samningi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs sem inniheldur plast til Umhverfis- og orkustofnunar (UOS) til lögbundinnar umfjöllunar.
2. Samþykkt að unnin verði þarfagreining vegna starfsmannabætur með tilliti til skipulags og verkefna Úrvinnslusjóðs.
3. Ársreikningur 2024 var samþykktur.
4. Samþykkt var að lækka endurgjald vegna PLABPH.

Fundargerð

A. Til umfjöllunar og/eða afgreiðslu (100 mín)

1. **Veðarfærasamningur Úrvinnslusjóðs og SFS**

HH hafði lýst yfir vanhæfi vegna 1. dagskrárliðs. HH kynnt virkni og árangur af veðarfæraakerfi SFS undanfarin ár að ósk KMM. Að lokinni kynningu vék HH af fundi. Umræður um undirbúning nýrra draga að samningi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veðarfæraúrgangs sem inniheldur plast (F371 D01) og einstaka greinar.

KMM lagði til að samningurinn ásamt athugasemdum stjórnar sbr. umræður á fundinum yrði sendur Umhverfis- og orkustofnun (UOS) til lögbundinnar umfjöllunar og að samningurinn verði tekinn aftur fyrir í stjórn þegar umsögn UOS liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

(Kaffihlé)

HH tók sæti á fundinum aftur.

KMM lagði til frestun á liðum 4, 5, 6, 7 og 9 og var það samþykkt.

2. **Starfsmannamál**

SBJ fór yfir framlagt minnisblað F374 D02 og forsendur þess. KMM lagði til að tillagan í minnisblaðinu yrði samþykkt að teknu tillit til umræðna. Samþykkt samhljóða.

3. **Ársreikningur 2024**

SBJ fór yfir helstu atriði. KMM lagði ársreikninginn til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða með tilvísun í fyrirvara sem stjórn gerir í ársreikningnum.

4. **Tillögur að breytingum á lögum 162/2002 – Frestað**

5. **Tillögur að breytingum á fjárhæð úrvinnslugjalda – Frestað**

6. **Framtíðarskuldbindingar Úrvinnslusjóðs – Frestað**

7. **Erindi frá Sorpu um endurgreiðslu kostnaðar vegna drykkjarferna – Frestað**

8. **Endurgjald fyrir PLABPH**

JVG hafði lýst yfir vanhæfi vegna 8. dagskrárliðs og vék af fundi. BSA yfirgaf fundinn.

GE tók sæti á fundinum og fór yfir minnisblað F371 D08. Nýjar upplýsingar hafa leitt í ljós að forsendur fyrir ákvörðun fjárhæðar endurgjalds fyrir PLABPH reyndust ónákvæmar. Lagðar eru til breytingar þannig að endurgjaldið endurspegli betur þann kostnað sem felst í ráðstöfun þess úrgangs sem um ræðir.

KMM leggur til að ákvörðun um endurgjald vegna PLABPH sem tekin var á stjórnarfundinum nr. 369 verði leiðrétt þannig að fjárhæðir tilgreindar í minnisblaði F371 D08 taki gildi

afturvirkir frá og með 1. apríl 2025 í ljósi þess að engar greiðslur hafa þegar átt sér stað vegna fyrrgreindar breytingar sem samþykktar voru á stjórnarfund nr. 369. Jafnframt er lagt til að Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið verði upplýst um feril málsins. Umræðu um annað í minnisblaðinu verði frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

B. Til kynningar (10 mín)

9. Kynning á stöðu vörflokksins Viðarumbúðir – Frestað

Fundi slitið kl. 12:55

Næsti fundur er fyrirhugaður 30. júní en ljóst er að boða þarf fund fyrir þann tíma til að fjalla um frestaða liði.